

## Tillaga að menningarstefnu

### Skapandi atvinnuvegur– spegill þjóðarinnar

Samfylkingin vill treysta umgjörð um allt land fyrir kraftmikið menningarlíf sem virkjar sköpunarkraft þjóðarinnar og eflir sjálfsmýnd hennar. Fjölskrúðugt lista- og menningarlíf er einn helsti styrkur íslensks samfélags og þátttaka þjóðarinnar í menningarstarfi á vart sinn líka. Skapandi greinar eru mikilvæg burðargrein í íslensku atvinnulífi og ljóst að þeim fylgja ört vaxandi útflutningstekjur. Íslensk menning í sinni fjölbreytilegustu mynd er á sama tíma annað helsta aðráttarafl erlendra ferðamanna og á því stóran þátt í að skapa landinu gjaldeyristekjur. Skapandi greinar snerta mörg svið samfélagsins. Nálágast þarf uppbyggingu þeirra með samstarfi, þvert á stjórnkerfi, ráðuneyti og atvinnulíf og leggja áherslu á jafnræði listgreina varðandi aðgengi að fjármagni og rannsóknum.

Samfylkingin leggur áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

- Samfylkingin vill að menningarstefnu stjórnvalda fylgi aðgerðaáætlun sem verði unnin í víðtæku samráði við fulltrúa menningarlífsins, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins þar sem birtast muni áherslur og forgangsroðun í menningu og listum, til ársins 2020.
- Þjóðhagsleg áhrif og umfang skapandi greina verði metin með reglubundnum hætti og upplýsingar gerðar aðgengilegar rétt eins og í öðrum atvinnugreinum. Einkum skal hugað að hagrænum, félagslegum og menningarlegum áhrifum af menningarstarfsemi.
- Endurskoða þarf skiptingu opinbers fjár milli listgreina, menningarstofnana og sjálfstætt starfandi listamanna á grundvelli heildstæðrar upplýsingaöflunar um stöðu mismunandi greina. Sérstaklega er brýnt að líta til greina og aðila sem hafa notið takmarkaðs opinbers stuðnings og skoða þarf starfsramma einstakra listgreina í því skyni að bæta samræmi á milli þeirra.
- Efla þarf aðgang og hlutdeild skapandi greina í opinberum rannsóknar- og nýsköpunarsjóðum. Komið verði á fót sérstakri markáætlun fyrir skapandi greinar. Veita þarf sprotafyrirtækjum í skapandi greinum aðild að skattalegum hvatakerfum til jafns við önnur nýsköpunarfyrirtæki.
- Treysta þarf grundvöll kynningarmiðstöðva listgreina og hönnunar með langtímasamningum; um hlutverk þeirra, starfsemi og markmið. Starf miðstöðvanna gegnir lykilhlutverki við að skapa skilyrði fyrir vaxandi atvinnu íslenskra listamanna á alþjóðavettvangi. Samfylkingin vill efla getu þeirra til sóknar á alþjóðamarkaði í gegnum útflutningssjóð skapandi greina. Þá er brýnt að koma á fót Kynningarmiðstöð sviðslista.
- Samfylkingin leggur áherslu á að stutt verði við íslenskt tónlistarlíf og mótuð heildstæð stefna um stoðþjónustu við tónleikahald, útgáfu, kynningu, markaðssetningu og útflutning, sem gefur íslensku tónlistarfólki tækifæri til enn frekari afreka hérlendis sem erlendis.

- Samfylkingin leggur áherslu á að efla ört vaxandi kvikmyndagerð á Íslandi. Mikilvægt er að festa góðan árangur greinarinnar í sessi með langtímaáætlun um eflingu kvikmyndagerðar. Efla þarf verkefnasjóði listgreinanna, svo sem Myndlistarsjóð og tryggja slíkum sjóðum fjármagn til nokkurra ára í senn.
- Tryggja þarf með langtímasamningum framtíð þeirra alþjóðlegu menningarhátíða sem gegna því hlutverki að kynna verk íslenskra listamanna í alþjóðlegu samhengi og draga að erlenda gesti.
- Tryggja þarf áframhald menningarsamninga landshlutanna og fjármagn til landshlutanna í þeim tilgangi. Menningarsetur og önnur staðbundin menningarstarfsemi í sveitarfélögum skulu njóta opinbers stuðnings úr sjóðum þar sem faglega er staðið að úthlutun.
- Samfylkingin leggur áherslu á að virðisaukaskattur á bókaútgáfu verði felldur niður, enda er öflug bókaútgáfa hornsteinn í menningu þjóðarinnar og undirstaða læsis.
- Samfylkingin leggur áherslu á öflugt Ríkisútvarp sem gegnir mikilsverðu menningar- og lýðræðishlutverki. Útvarp í almannapágu á að einkennast af sjálfstæði, frumkvæði, gæðum, hlutlægni og ábyrgð. Til að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar þarf að fjármagna hana með föstum tekjustofni, útvarpsgjaldi eða afnotagjaldi, sem rennur óskipt til hennar, er ákveðinn til nokkurra ára í senn og fylgir verðlagsþróun. Auka þarf áherslu á menningar- og lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins með hlutlægni umfjöllun um fréttir og samfélagsmál, öflugri innlendri dagskrárgerð og auknu samstarfi við sjálfstætt starfandi listamenn, fagfélög og framleiðendur. Lögð verði áhersla á að auka aðgengi almennings að safnaefni Ríkisútvarpsins, svo sem með rafrænni yfirfærslu dagskrárefnis til miðlunar á netinu. Tryggja þarf samfellu í framboði og framleiðslu innlands efnis og leggja sérstaka áherslu á þátt íslenskar tungu og vandaðs efnis fyrir börn og unglínga.
- Endurvakinn verði Menningarsjóður útvarpsstöðva sem veiti styrki með faglegum hætti til menningarverkefna og heimildarþáttagerðar í útvarps- og sjónvarpstöðvum. Styrkir skulu einnig ná til netmiðla.
- Samfylkingin leggur áherslu á að styðja frjálsa og óháða rannsóknablaðamennsku í landinu til að efla lýðræðislega umræðu og aðhald gagnvart stjórnvöldum á hverjum tíma. Í því skyni verði settur á fót Fjölmíðlasjóður sem veiti styrki á samkeppnisforsendum til verkefna á sviði rannsóknarblaðamennsku. Treyst verði réttarstaða þeirra sem starfa við fjölmíðla sem fjalla um samfélagsmál, m.a. með úrbótum á meiðyrðalöggjöf. Hugað verði að stuðningi við starfrækslu staðbundinna fjölmíðla í öllum landshlutum.
- Gæta þarf sérstaklega að sérskólum á sviði lista og tryggja framtíð tónlistarnáms og listdans með varanlegu og endurbættu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga. Huga skal að samræmingu í rekstrarformi ýmissa sérskóla í listum og efla fjölbreyttar leiðir í sambættingu listnáms í slíkum skólum við skólastarf í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
- Auka þarf framboð á framhaldsmenntun í listum og efla menntun kennara í öllum listgreinum. Vönduð listgreinakennsla á öllum skólastigum er mikilvægur þáttur í fjölbreyttu námsframboði, getur stuðlað að minna brotthvarfi framhaldsskólanemenda auk þess sem hún er forsenda þróttmikils menningarlífs og framhaldsmenntunar í listgreinum.